

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Fákur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar til vöruflutninga. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 17. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin eigi til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. nóvember 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. nóvember 1975.

Nr. 501.

AUGLÝSING

um skipulag í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Breiðuvíkurbrepps, að undanskildum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

25. nóvember 1975.

Nr. 502.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 25. nóvember 1975 veitt flugfélaginu Vængjum h.f., Reykjavík,